

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 17. ágúst 2017 að Borgartúni 30.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Árni Steinar Stefánsson (í síma), Björn Snæbjörnsson (í síma) og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (í síma). Frá SNS mættu Berglind Eva Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. AFL starfsgreinafélag - sérákvæði vegna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Tekið var fyrir erindi sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem óskað var eftir að samstarfsnefndin úrskurði í ágreiningi um framkvæmd sérákvæða sveitarfélagsins og AFLs er varða hlutastarfandi sjúkraflutningamenn.

a. Afhending vaktsíma

Fulltrúar AFLs gerðu nánari grein fyrir fyrirkomulagi á afhendingu vaktsíma.

Niðurstaða:

Skv. upplýsingum frá AFLi hefur hluti umræddra starfsmanna nú þegar fengið þóknun fyrir að afhenda vaktsíma. SNS mun beina því til sveitarfélagsins að gæta jafnræðis milli starfsmanna og greiða öðrum starfsmönnum með sambærilegum hætti.

2. Neysluhlé starfsmanna sem ganga vaktir í tímavinnu

Fulltrúar SGS telja mikilvægt að tryggja jafnræði varðandi neysluhlé milli starfsmanna í vaktavinnu, þ.e. þeirra sem eru ráðnir í fast ráðningarhlutfall og fá greidda 25 mínútur á hverja vakt vegna óreglulegra matar- og kaffitíma og þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd áréttar sameiginlegan skilning að 3. kafli kjarasamningsins gildir um tímavinnustarfmenn í vaktavinnu.

3. Önnur mál

Mikilvægt að yfirfara bókanir í kjarasamningi. SGS kemur með tillögur varðandi bókanir á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 14. september nk. kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:00